

Alþingi
Erindi nr. P 131/1329
komudagur 15.4. 2005



Reykjavík 14. apríl 2005

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Umsögn fjölskylduráðs vegna frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Erindi félagsmálanefndar var tekið fyrir á fundi ráðsins þann 4. apríl 2005. Var afgreiðsla fundarins svohljóðandi:

Lagt var fram skjal félagsmálanefndar Alþingis, dags. 30. mars 2005, þar sem óskað er eftir umsögn ráðsins varðandi frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Frumvarpið varðar breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Gerð er tillaga að á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kæmi ný málsgrein, svohljóðandi:


„Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót.“

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að ætlunin sé með frumvarpinu að stíga skref til að lögfesta ákvæði um sérstaka desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Markmið frumvarpsins er að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem heyra undir lög nr. 12/1997. Jafnframt að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi jafnan rétt á 30% uppbót í desember á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og á fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993.

Fjölskylduráð styður framkomið frumvarp, út frá þeirri meginforsendu að það er almennt viðurkennt að desembermánuður sé fjölskyldum fjárhagslega kostnaðarsamari en aðrir mánuðir ársins. Sérstaklega telur fjölskylduráð að ætla megi að desembermánuður sé efnalitlum fjölskyldum þungur í skauti og þar með töldum fjölskyldum atvinnulausra.

Jafnframt telur fjölskylduráð það veigamikil rök með frumvarpinu að flestallir samningar á vinnumarkaði eru með desemberuppbót í einu formi eða öðru. Einnig að hækkaðar eru bætur almannatrygginga í desember, eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins, sem og stuðningur félagsþjónustu sveitarfélaga hvað varðar fjárhagsaðstoð í þessum mánuði. Til að mynda hefur félagsþjónustan í Reykjavík sett inn í sínar reglur um fjárhagsaðstoð, er tóku gildi 1. janúar 2004, ákvæði um sérstaka desemberuppbót. Kveðið er á um í 26. gr. reglnanna að veita skuli þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelt, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Að síðustu vill fjölskylduráð nefna að desemberuppbót til atvinnulausra gætu einkum komið til góða fyrir þann hóp einstaklinga og fjölskyldna sem hafa verið lengi á atvinnuleysisskrá.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður fjölskylduráðs